

## Fundur í skipulags- bygginga- og hafnarnefnd Reykhólahrepps

Þriðjudaginn 6. apríl 2010 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Eiríkur Kristjánsson, Bogi Kristinsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Sveinn bauð menn velkomna og setti fund.

### Dagskrá:

1. **1003032** Bréf dags. 29. mars s.l. frá Landmótun með ósk um ábendingar um mál er snerta sveitarfélagið varðandi aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022. Engar athugasemdir gerðar við aðalskipulagstillöguna.
2. **1003040** Tölvupóstur dags. 31. mars 2010 frá Ólínu J. Jónsdóttur með umsókn um stöðuleyfi fyrir smáhýsi nálægt Læknishúsi í Flatey. Stöðuleyfi samþykkt til eins árs með fyrirvara um jákvæða umsögn Breiðafjarðarnefndar og að fyrir liggi þinglýstur lóðarleigusamningur um Sjávarslóð.
3. **1003030** Bréf dags. 19. mars s.l. frá Breiðafjarðarnefnd með umsókn um uppsetningu á upplýsingaskilti við ferjubryggju í Flatey. Erindið samþykkt. Nefndin leggur til að skiltið verði staðsett á steinsteypum kanti vestur af frystihúsinu eða norðan vegar fyrir norðan frystihúsið.
4. **1003041** Erindi símleiðis frá Fiskistofu um vigtun afla í Reykhólahöfn, hafnarvog og vigtarmann. Sjá reglugerð 224, 6. grein:  
<http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/log-og-reglugerdir/reglugerdir/vigtun/nr/1273>  
Erindinu vísað til hreppsnefndar.
5. **0908007** Varnargarður við Reykhólahöfn. Tillaga Siglingastofnunar nr. 2 og mögulegt grjótnám í tengslum við framkvæmdina. Nefndinni líst vel á tillögu tvö í megin atriðum en leggur til að fyrirhuguð flotbryggja komi þvert út frá skjólgarði og gert verði ráð fyrir bílastæði á garðinum þar sem hagkvæmast er, t.d. við háa klettinn norðan við garðinn. Gera þarf ráð fyrir skábraut til sjósetningar innst í hafnarkrikanum.
6. **1003042** Bréf dags. 30. mars s.l. frá Jóhannesi Guðmundssyni með ósk um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi í landi Kvígindisfjarðar. Afgreiðslu frestað þar til fyrir liggur skriflegt samþykkt allra eigenda jarðarinnar og afstöðumynd af staðsetningu hjólhýsisins.

### Til kynningar:

1. **1002005** Byggingarleyfi í Garpsdalsey, ahtugasemdir Breiðafjarðarnefndar, Fornleifaverndar Ríkisins og Umhverfisstofnunar. Kynnt.
2. **0903060** Bréf dag. 18. mars s.l. frá Breiðafjarðarnefnd varðandi breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps. Kynnt.

3. **1001009** Bréf dags. 26. mars s.l. frá Skipulagsstofnun með umsögn um breytingu á Aðalskipulagi vegna íbúðarsvæðis í Bjarkalundi og hafnarsvæðis í Flatey. Kynnt.

### Önnur mál.

1. **1001009** Aðalskipulagsbreyting, afgreiðsla. Vegna breytingarinnar á hafnarsvæðinu við Innstapoll í Flatey sem hefur áhrif á umhverfisþætti í sjó og vistkerfi með tilliti til hugsanlegra rofáhrifa og áhrifa hafnarframkvæmda á lífríki á sjávarbotni verður framangreint metið á síðari stigum skipulagsgerðar, þ.e. við gerð deiliskipulags. Engar athugasemdir bárust á auglýstum tíma. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá afgreiðslu til Skipulagsstofnunar. Breytingatillagan er samþykkt.
2. **0901002** Breyting á deiliskipulagi í Bjarkalundi. Ein athugasemd barst á auglýstum tíma með bréf dags. 25. mars s.l. frá Stekkjarlundi ehf. Ósk um breytingu á stærð byggingareits fyrir hótelið og þjónustumiðstöð ásamt breytingu á stærð tjaldstæðis. Bygginganefnd tekur undir þessar athugasemdir og samþykkir þær en leggur til að hús í íbúðabyggð verði byggð á einni hæð til samræmis við önnur hús á svæðinu. Bygginganefnd telur athugasemdirnar minni háttar og felur skipulagsfulltrúa málið til afgreiðslu til Skipulagsstofnunar. Bygginganefndin samþykkir deiliskipulagið.
3. **1001010** Nýtt deiliskipulag í Hafrahlíð. Engar athugasemdir bárust á auglýstum tíma. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá afgreiðslu til Skipulagsstofnunar. Deiliskipulagstillagan samþykkt.
4. **1004002** Breyting á deiliskipulagi í Fremri-Gufudal. Skipulagsfulltrúa falið að leita meðmælis Skipulagsstofnunar áður en tillagan verður auglýst.
5. **1004004** Deiliskipulag við Innstapoll í Flatey, tillaga. Tillagan samþykkt til auglýsingar. Leita skal umsagna til viðeigandi stofnana.
6. **1004003** Umsókn dags. 6. apríl 2010 frá Ásgeiri Gunnari Jónssyni f.h. Starfsmannafélags Rariks í Stykkishólmi um leyfi til að endurbyggja frístundahús í Flatey. Erindið samþykkt. Leitað verður umsagnar Breiðafjarðarnefndar. Ganga þarf frá lóðarleigusamningi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:50.

Sveinn Ragnarsson (sign) Egill Sigurgeirsson (sign) Eiríkur Kristjánsson (sign)  
Bogi Kristinsson (sign) Óskar Steingrímsson (sign)